

31
7. maí

L Ö G

um

heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa og starfrækja nýja loftskyeystöð í Reykjavík og taka nauðsynleg lán í því skyni, og má stöðin vera þannig gerð, að nota megir hana jöfnum höndum til að útvarpa tali og söng sem til vanalegra firðskyeystasendinga.

Sendiorka stöðvarinnar í loftneti skal að meðallagi eigi vera minni en 5 kw. til talsendinga, en ritorka 10 kw. eða meira. Stöðin heitir *Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík*.

2. gr.

Landssímanum skal falið að annast alt, er lýtur að umsjón og rekstri stöðvartækjanna, einnig innheimtu, greiðslur og reikningshald vegna stöðvarinnar og útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum atvinnumálaráðuneytis. Landssímanum skal að fullu endurgreiddur allur sá kostnaður, er þetta kann að hafa í för með sjer.

3. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld útvarpsstöðvarinnar skal tekin sem sjerstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju. Halli, sem verða kann á rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna útvarpsráð til 1 árs í senn. Ræður stjórnin forseta þess, en einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands og hinn þriðji skal valinn meðal þriggja manna, er „Fjelag útvarpsnotenda“ tilnefnir, enda sje þá fjórðungur útvarpsnotenda á landinu fjelagar í fjelagi þessu. Ef það skilyrði er eigi fyrir hendi, velur stjórnin einnig þriðja mann í útvarpsráðið. Ákveður atvinnumálaráðherra þóknun þessara manna.

5. gr.

31

7. maí

Útvarpsráðið skal hafa yfirumsjón með starfsemi útvarpsstöðvarinnar að öllu því, er ekki heyrir undir landssímamann samkvæmt 2. gr. Semur atvinnumálaráðuneytið erindisbrjef handa útvarpsráðinu eða ákveður störf þess í reglugerð, er það gefur út um starfrækslu útvarpsins.

Útvarpsráðinu til aðstoðar skal ráðinn útvarpsstjóri (með fullum árslaunum), er hafi á hendi daglega framkvæmd útvarpsins og stjórn sendingum, samkvæmt fyrirmælum útvarpsráðs og landssímastjóra. Útvarpsstjóri skal skipaður af atvinnumálaráðherra samkvæmt tillögum útvarpsráðs og landssímastjóra.

6. gr.

Af hverju útvarpsviðtaki á landinu skal greitt árlegt afnotagjald, til þess að standa straum af rekstri stöðvarinnar. Ráðuneytið ákveður afnotagjaldið um 1 ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og landssímastjóra. Útvarpsráðið semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, í samráði við landssímastjóra, og skal það sent ráðuneytinu til samþýktar.

7. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi og stöðin er tekin til starfa, má enginn nota viðtak (viðtæki) fyrir útvarp, án þess að tilkynna það landssímastjóra og greiða lögboðið gjald af því. Ef af þessu er brugðið, varðar það sektum, frá 50—500 krónum, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu, og skulu tækin upptæk ger. Skal farið með þessi viðurlög sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal stöðin vera reist svo fljótt sem unt er.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórninni heimilast að taka að sjer ríkisrekstur á útvarpi nú þegar með minni stöð en hjer ræðir um til bráðabirgða, enda komi það ekki í bága við rjett þess fjelags, sem nú hefir einkarjett á rekstri útvarps.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.